

Sýslumannafélag Íslands.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1606*  
*komudagur 18.4.2006*

Akranes 16. 4. 2006.

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 27. mars sl. fór allsherjarnefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vegabréf, 615. mál, ný gerð vegabréfa, nýr útgefandi o.fl.

Stjórn félagsins hefur fjallaði um frumvarpið og gerir eftirgreinda athugasemd. Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins felst heimild til útgáfu vegabréfs til barns með samþykki annars forsjárforeldris í tilteknum undantekningatilvikum. Gert er ráð fyrir undangenginni athugun á umræddum aðstæðum og mati á því hvort hætta sé á að barn verði fært úr landi með ólögum hætti áður en vegabréfið er gefið út. Ekki kemur fram í ákvæðinu hver framkvæmir umrædda athugun en í greinargerð er fjallað um athugun Þjóðskrár á málsatvikum. Til að taka af allan vafa telur undirritaður nauðsynlegt að tilgreint verði í lagatextanum sjálfum hvaða stjórnvald framkvæmi umrædda athugun á málavöxtum þar sem athugun kann að vera bæði umækjanda íþyngjandi og tekur til réttinda hans. Verði það hlutverk Þjóðskrár, eins og greinargerð ráðgerir, að framkvæma athugun skv. 4. gr. leiðir það til þess að beina þarf umsækjendum fyrst til hennar áður umsókn er tekin til skráningar hjá lögreglustjóra eða sýslumanni til að fá fram ákvörðun um það hvort undanþágan á við eða ekki.

Hagkvæmisrök kunna því að standa til þess að lögreglustjórar og sýslumenn framkvæmi umrædda athugun frekar en Þjóðskrá samhliða viðtöku umsóknar viðkomandi aðila.

Að öðru leyti gerir Sýslumannafélag Íslands ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

F.h. Sýslumannafélags Íslands,



Ólafur Þ. Hákkson.